

Uppáhalds staður

**Veljið litla fígúru t.d. dótadýr, legokarl, dúkka eða bangsi
Finnið ykkur svæði í ykkar nærumhverfi sem finna má náttúru
t.d. skólalóð, garður, almenningsgarður eða skógur.**

Fígúran þín:

Skoðaðu svæðið sem þú ert á og finndu stað sem þú telur að fígúrunni myndi líða best á. Komdu henni fyrir á þeim stað.

Veltu fyrir þér:

- Afhverju líkar fígúrurinni við þennan stað?
- Hvað getur hún gert á þessum stað?

Þinn eigin staður:

Nú er komið að þér, skoðaðu svæðið og finndu þinn eigin uppáhaldsstað. Taktu þinn tíma til að finna stað sem lætur þig líða vel á

Veltu fyrir þér:

- Afhverju líkar þér við þennan stað?
- Hvað getur þú gert á þessum stað?

Hugleiðing:

Hugsið um af hverju þið völduð þessa tvo staði. Hvað er það við þá sem laðar ykkur að? Hvernig líður ykkur þegar þið eruð þar?

Saga eða teikning:

Þegar heim er komið er hægt að búa til sögu um uppáhaldsstaðinn ykkar eða stað fígúrunnar. Þið getið annað hvort skrifað söguna eða teiknað hana.